

Fréttatilkynning 5. nóvember 2019

## FJÁRHAGSÁÆTLUN REYKJAVÍKURBORGAR 2020 OG FIMM ÁRA ÁÆTLUN 2020 - 2024

Í dag er lagt fram í borgarstjórn frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2020 og fimm ára áætlun 2020-2024, tillögur um álagningarhlutföll útsvars og fasteignaskatta á árinu 2020, tillögur að gjaldskrá og tillaga að lántökum vegna fjárfestinga og framkvæmda.

Aukin eru framlög til velferðarmála, skólamála, viðhalds gatna og fasteigna. Fjárfestingar A-hluta og fyrirtækja borgarinnar aukast talsvert.


### A-hluti Reykjavíkurborgar: Sterkar stoðir

Rekstrarniðurstaða A-hluta hefur sveiflast mikið á síðustu árum, m.a. vegna kjarasamninga á árunum 2014-2015 og gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga sem var mikil árið 2015 eða 14,6 ma.kr. og aftur árið 2017 þegar hún var samtals um 11 ma.kr.

Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaðan lækki á árunum 2020 og 2021 miðað við undangengin ár sem rekja má m.a. til magnaukningar í rekstri, áætlaðra kostnaðaráhrifa kjarasamninga og vænts samdráttar í efnahagslífinu. Magnaukning er einkum í velferðarþjónustu vegna aukinna skuldbindinga sem lagðar eru á sveitarfélög með lagasetningu og reglugerðum án þess að tekjustofnar séu styrktir.


Frá og með árinu 2022 er gert ráð fyrir batnandi rekstrarniðurstöðu sem skýrist m.a. af lægri gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga og áhrifum af 1% árlegri hagræðingarkröfu í samræmi við útgjaldareglu.

Rekstrarniðurstaða A-hluta



Fjárhagur A-hluta er sterkur. Þegar veltufé frá rekstri er skoðað í samhengi við greiðsluskuldbindingar, afborganir lána og endurgreiðsluframlög í lífeyrissjóð starfsmanna (LSRB) sést að greiðslugeta til að standa við samningsbundnar afborganir lána og skuldbindinga er viðunandi og fer vaxandi allt áætlunartímabilið.


Sterk greiðslugeta A-hluta er nauðsynleg til að draga úr lausafjánhættu. Greiðslugetan er jafnframt mælikvarði á svigrúmið sem rekstur veitir til að sinna nauðsynlegri fjárfestingaþörf samstæðu.



Hreinar skuldir og skuldbindingar jukust mikið á árinu 2015 þegar teknar voru upp nýjar tryggingafræðilegar forsendur um lífslíkur vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar enda var samskonar aukning ekki í hreinum vaxtaberandi skuldum.

Á árunum 2018-2022 hækka skuldir og skuldbindingar einkum vegna mikilla fjárfestinga og lántöku vegna þeirra en fara lækkandi á seinni hluta tímabils áætlunarinnar.

Hreinar skuldir og skuldbindingar á móti tekjum fara lækkandi frá og með árinu 2022 og verða að öðru óbreyttu lægri árið 2024 en árið 2020.




Helstu stærðir í rekstri A-hluta Reykjavíkurborgar eru eftirfarandi:

A-hluti	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Tekjur	119.792	126.833	135.156	142.842	150.880	156.642	162.769
Gjöld (með afskriftum)	114.611	123.501	132.124	140.444	145.212	148.999	153.976
Niðurstaða án fjármagnsliða	5.181	3.332	3.031	2.397	5.669	7.643	8.793
Afkoma	4.726	3.620	2.530	1.896	4.978	7.192	9.127
Ný langtímalán	6.593	7.493	6.000	4.500	4.000	0	0
Afborgun langtímalána og leiguskulda	2.717	2.557	2.583	2.921	2.983	3.181	3.300
Veltufé frá rekstri	11.828	11.044	7.699	8.505	11.433	14.527	18.170
Brúttó fjárfestingar	19.368	18.826	19.551	19.114	18.079	15.333	13.191

### Samstæða Reykjavíkurborgar: Góð afkoma á næstu árum

Árið 2020 er gert ráð fyrir 24,9 ma.kr. afgangi fyrir fjármagnsliði og 12,9 ma.kr. eftir fjármagnsliði. Góðan afgang má einkum rekja til Orkuveitu Reykjavíkur. Mikil umskipti voru í fjármagnslið á árinu 2018 m.v. árið 2017 sem einkum mátti rekja til álafleiðu Orkuveitunnar.


Frá árinu 2020 er gert ráð fyrir minni sveiflum í fjármagnslið og batnandi afkomu.



Framlegð samstæðunnar (EBITDA sem hlutfall af tekjum) er áætluð 21,9% árið 2020 en hækkar í 24,1% í fimm ára áætlun.


Skv. 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 m.s.br. ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Til að fullnægja þessari skyldu er sveitarfélögum gert að uppfylla fjármálareglur um jafnvægisviðmið og skuldaviðmið.

**Uppsöfnuð þriggja ára rekstrarniðurstaða samstæðu**  
**Án OR til og með 2021, samstæðan í heild 2022-2024**



Uppsöfnuð þriggja ára rekstrarniðurstaða er jákvæð út áætlunartímabilið og er því jafnvægisviðmiðið uppfyllt.

**Skuldaviðmið samstæðu**  
**Án OR í samræmi við reglugerð 458/2018**



Skuldaviðmið samstæðu Reykjavíkurborgar var árið 2018 um 73% m.v. gildandi reglur. Gert er ráð fyrir að það verði innan við 86% á tímabilinu 2019-2021 eða á gildistíma reglugerðar 458/2018. Unnið er að endurskoðun á reglum en myndin sýnir þróunina út áætlunartímabilið miðað við óbreytta aðferðafræði.

Frá 1. janúar 2022 er Orkuveita Reykjavíkur talin með og hækkar viðmiðið þá í um 129,2% árið 2022 en fer síðan lækkandi. Í gildandi reglum er gert ráð fyrir að samstæða sveitarfélaga séu innan við 150%.

## Fjárfestingar í samstæðu og A-hluta

Árin 2017-2018 jukust fjárfestingar mikið eftir töluvert aðhald árin á undan. Árin 2019-2021 er gert er ráð fyrir svipuðu fjárfestingarstigi og síðustu ár en fari síðan lækkandi í lok tímabils.


Fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun ársins 2020 gerir ráð fyrir að 19,6 ma.kr. verði varið til fjárfestinga og þar af er ráðgert að verja 4,6 ma.kr. til grænna fjárfestinga. Má nefna hjólareiðaáætlun Reykjavíkurborgar í þessu samhengi, svo og Aðalskipulag Reykjavíkurborgar 2010-2030 þar sem kveðið er á um friðun grænna og opinna svæða, þéttingu byggðar, styrkingu almenningssamgangna, vistvænar lausnir í sorphirðu og kröfur um vishæfar lausnir við nýbyggingar. Á næstu fimm árum er ráðgert að ekki minna en 25% fjárfestinga Reykjavíkurborgar verði grænar fjárfestingar sem dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda með vistvænum byggingum, með því að stuðla að orkuskiptum í samgöngum og styðja grænan vöxt til samræmis við umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar.

Fjárfestingar eru mestar í A-hluta, Orkuveitu Reykjavíkur og Félagsbústöðum hf. eins og taflan hér að neðan ber með sér.

Fjárfestingar samstæðu (ma.kr.)	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
A-hluti	8,2	9,5	9,5	15,4	19,4	18,8	19,6	19,1	18,1	15,3	13,2
Orkuveita Reykjavíkur	5,8	10,2	12,4	19,3	15,9	18,3	17,7	17,8	17,4	17,1	16,4
Faxaflóahafnir	1,0	0,9	1,9	1,7	1,5	2,1	1,9	1,6	1,7	1,9	2,5
Félagsbústaðir	0,8	2,4	1,3	4,0	3,0	4,5	5,2	4,4	5,1	3,2	3,5
Sorpa	0,2	0,2	0,3	0,6	1,2	4,4	1,0	1,2	1,2	0,8	0,3
Strætó	0,6	0,4	0,1	0,3	0,8	0,1	0,9	0,3	0,3	0,3	0,3
Önnur fyrirtæki og innri viðskipti	-1,4	-0,1	0,2	-1,6	-0,9	0,6	0,3	0,7	0,5	0,2	0,2
<b>Fjárfestingar brúttó</b>	<b>15,3</b>	<b>23,5</b>	<b>25,7</b>	<b>39,8</b>	<b>40,8</b>	<b>48,8</b>	<b>46,4</b>	<b>45,2</b>	<b>44,2</b>	<b>38,8</b>	<b>36,4</b>
<b>Hlutfall af tekjum %</b>	<b>11,5%</b>	<b>16,3%</b>	<b>16,5%</b>	<b>23,0%</b>	<b>22,7%</b>	<b>25,5%</b>	<b>23,0%</b>	<b>21,2%</b>	<b>19,7%</b>	<b>16,6%</b>	<b>15,0%</b>

Geta samstæðu til að standa við samningsbundnar afborganir lána og skuldbindinga er sterk. Árin 2014 var veltufé frá rekstri jafnhátt afborgunum lána og skuldbindinga og myndaði reksturinn þar með lítið olnbogarými til fjárfestinga. Frá og með árinu 2020 og allt áætlunartímabilið styrkist greiðslugetan vegna minni afborgana og styrkingar veltufjár frá rekstri.

## Greiðslugeta samstæðu



Sterk greiðslugeta samstæðu er nauðsynleg til að draga úr lausafjánhættu og skapa það svigrúm sem þarf til fjárfestinga sem er umtalsvert ef litið er til framtíðar.

Helstu stærðir í rekstri samstæðu Reykjavíkurborgar eru eftirfarandi:

Samstæða	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Tekjur	179.968	190.907	201.983	213.080	224.494	233.777	243.003
Gjöld (með afskriftum)	152.860	167.514	177.107	187.804	194.624	200.261	206.955
Niðurstaða án fjármagnsliða	27.108	23.393	24.876	25.276	29.869	33.516	36.048
Afkoma	12.342	10.810	12.892	13.973	18.115	21.523	24.011
Ný langtímalán	31.196	33.408	24.029	18.038	19.059	11.246	11.304
Afborgun langtímalána og leiguskulda	24.425	25.748	18.511	18.362	18.585	21.600	21.031
Veltufé frá rekstri	39.603	35.589	33.769	36.163	40.646	45.747	50.387
Brúttó fjárfestingar	40.808	48.752	46.437	45.221	44.245	38.792	36.390

*Sjá meðfylgjandi Frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2019 og fimm ára áætlun 2019-2023 ásamt greinargerð.*